



55cm Recycler® garðsláttuvél

Tegundarnúmer 21762—Raðnúmer 405500000 og upp úr

Tegundarnúmer 21763—Raðnúmer 405559501 og upp úr

Notendahandbók

Inngangur


Þessi sláttuvél er ætluð til einkanota. Hún er hönnuð fyrir grasslátt á vel viðhöldnum lóðum í einkaeigu. Notkun þessarar vöru við annað en tilætlaða notkun getur skapað hættu fyrir stjórnanda og nærstadda.

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörunni og til að koma í veg fyrir meiðsl á fólki og skemmdir á vörunni. Eigandi ber ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Á www.Toro.com er að finna frekari upplýsingar, þar á meðal öryggisupplýsingar, kennslufni, upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. **Mynd 1** sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skriðið númerin í kassann hér á síðunni.

Mikilvægt: Hægt er að nálgast upplýsingar um ábyrgð, varahluti og aðrar vöruupplýsingar með því að skanna QR-kóðann á raðnúmersmerkingunni (ef hann er til staðar) með fartæki



Mynd 1

g282707

1. Staðsetning tegundar- og raðnúmera

Tegundarnúmer _____
Raðnúmer _____

Í þessari handbók er bent á mögulega hættu og í henni eru öryggismerkingar auðkenndar með öryggistáknum (**Mynd 2**), sem sýna hættu sem kann að valda alvarlegum meiðslum eða dauða ef ráðlögðum varúðarráðstöfunum er ekki fylgt.



Mynd 2

Öryggistákn

g000502

Þessi handbók notar tvö orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ undirstrikar almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Þessi vara uppfyllir allar viðeigandi evrópskar reglugerðir; frekari upplýsingar er að finna á aðskildu samræmisyfirlýsingarskjali vörunnar.

Meðfylgjandi notendahandbók vélarinnar inniheldur upplýsingar um Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA) og útblástursreglugerð Kaliforníu fyrir útblásturskerfi, viðhald þeirra og ábyrgð. Hægt er að panta varahluti hjá framleiðanda vélarinnar.

Heildar- eða rauntog: Heildar- eða rauntog þessarar vélar var metið af framleiðanda vélarinnar á rannsóknarstofu í samræmi við SAE J1940 eða J2723. Raunverulegt tog vélarinnar í þessum flokki sláttuvéla er mun lægra þegar búið er að stilla hana í samræmi við öryggis-, útblásturs- og vinnslukröfur. Frekari upplýsingar eru í upplýsingum frá framleiðanda vélarinnar sem fylgja með sláttuvélinni.

Ekki eiga við öryggisbúnað sláttuvélarinnar eða gera hann óvirkan og kannið reglulega hvort hann virki rétt. Ekki reyna að stilla eða á annan hátt eiga við snúningshraðastýringu vélarinnar; slíkt kann að leiða til óöruggra vinnuskilyrða sem leitt geta til meiðsla á fólki.



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Öryggi	2
Almennt öryggi	2
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar	3
Uppsetning	5
1 Handfangið sett saman og fellt í sundur	5
2 Startarareipinu komið fyrir í brautinni	6
3 Olía sett á vélina	6
4 Graspokinn settur saman	7
5 Hleðsla rafgeymis	7
Yfirlit yfir vöru	8
Tæknilýsing	8
Tengitæki/aukabúnaður	8
Notkun	9
Fyrir notkun	9
Öryggi fyrir notkun	9
Fyllt á eldsneytisgeyminn	9
Smurolfuhæð könnuð	10
Hæð handfangs stillt	11
Sláttuhæð stillt	11
Meðan á notkun stendur	12
Öryggi við notkun	12
Vélin gangsett	12
Notkun akstursdrifsins	13
Drepið á vélinni	13
Afskurði ekki safnað	14
Afskurður settur í poka	14
Notkun losunarstangar	14
Afskurður losaður út frá hlið	15
Ábendingar um notkun	15
Eftir notkun	16
Öryggi eftir notkun	16
Hreinsað undan sláttuvélinni	16
Handfangið lagt niður	17
Viðhald	19
Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir	19
Öryggi við viðhaldsvinnu	19
Undirbúningur fyrir viðhaldsvinnu	19
Unnið við loftsíuna	20
Skipt um smurolíu	20
Hleðsla rafgeymis	21
Skipt um öryggi	21
Skipt um hníf	22
Akstursdrifið stillt	23
Geymsla	24
Öryggi við geymslu	24
Undirbúningur sláttuvélar fyrir geymslu	24
Sláttuvélin tekin úr geymslu	24

Öryggi

Þessi sláttuvél er hönnuð í samræmi við tilskipun EN ISO 5395.

Almennt öryggi

Þessi vara getur valdið hættu á aflimun og skotið hlutum frá sér. Fylgið alltaf öryggisleiðbeiningum til að koma í veg fyrir meiðsl á fólki.

- Lesið vandlega og fylgið leiðbeiningum og viðvörðunum í þessari *notendahandbók* og á sláttuvélinni og tengitækjum áður en vélin er gangsett.
- Ekki setja hendur eða fætur nærri hlutum á hreyfingu eða undir sláttuvélina. Haldið öruggri fjarlægð frá öllum losunaropum.
- Ekki nota sláttuvélina án hlífa og annars öryggisbúnaðar á sínum stað á sláttuvélinni og í nothæfu ástandi.
- Haldið nærstöddum og börnum utan vinnusvæðisins. Ekki leyfa börnum að stjórna sláttuvélinni. Leyfið eingöngu fólki með þroska, þjálfun, þekkingu og líkamlega burði að stjórna sláttuvélinni.
- Drepið á vélinni, fjarlægið rafstýrða gangsetningarnappinn (ef til staðar) og bíðið eftir að allir hreyfanlegir hlutir hafi stöðvast áður en unnið er við sláttuvélina, fyllt er á eldsneyti eða stífla í sláttuvélinni er losuð.

Röng notkun eða viðhald þessarar sláttuvélar getur leitt til meiðsla. Til að draga úr slyshættu skal fara eftir þessum öryggisleiðbeiningum og vera ávallt vakandi fyrir öryggistákninu ▲, sem merkir „Aðgát“, „Viðvörðun“ eða „Hætta“ – öryggisleiðbeiningar. Ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningum er hættu á meiðslum á fólki eða dauða.

Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar




Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



decaloemmarkt

Merki framleiðanda

1. Þetta merki sýnir að hnífurinn er auðkenndur sem hlutur frá framleiðanda sláttuvélarinnar.



decal112-8760

112-8760

1. Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum í öruggrí fjarlægð.
2. Hætta á skurði / handa- eða fótamissi, sláttuvélarblað – haldið öruggrí fjarlægð frá hlutum á hreyfingu.




125-5026

125-5026

decal125-5026

1. Endurvinnslustilling
2. Pokastilling




133-1900

decal133-1900

Aðeins gerðir búnar rafknúnum startara


1. Lesið *notendahandbókina* til að fá frekari upplýsingar um gangsetningu vélarinnar – 1) Stingið rafknúna gangsetningarhnappnum í svissinn, 2) Virkið stjórnstöng hnífsins, 3) Ýtið á rafknúna gangsetningarhnappinn til að gangsetja vélina.
2. Lesið *notendahandbókina* til að fá frekari upplýsingar um hvernig drepð er á vélinni – 1) Sleppið stjórnstöng hnífsins, 2) Fjarlægjið rafknúna gangsetningarhnappinn úr svissinum.



decal131-4514

131-4514

1. Viðvörðun – lesið *notendahandbókina*.
2. Hætta á skurði/ handamissi, sláttuvélarhnífur – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu, gangið úr skugga um að allar hlífar séu á sínum stað.
3. Hætta á skurði/ handamissi, sláttuvélarhnífur – takið kertavírinn úr kertinu á meðan viðhaldsvinnu er sinnt.
4. Hætta vegna hluta sem kastast til – tryggjið að nærstaddir haldi sig fjarri, dregið á vélinni áður en vinnustaðan er yfirgefin, tínið upp alla aðskotahluti áður en sláttur hefst.
5. Hætta á skurði/ fótamissi, sláttuvélarhnífur – ekki slá upp eða niður brekkur, sláið aðeins þvert á brekkur. Horfið aftur fyrir ykkur þegar bakkað er með sláttuvélina.




decal137-9196

137-9196

1. Læsa
2. Taka úr lás

Aðeins fyrir gerð búna rafknúnum startara



decal140-4357

140-4357

1. Viðvörðun – kynnið ykkur upplýsingar um rafgeyminn í *notendahandbókinni* ekki skal farga blýrafgeyminum.
2. Viðvörðun – lesið upplýsingar um hleðslu rafgeymisins í *notendahandbókinni*.

Uppsetning

Mikilvægt: Fjarlægð og fargið hlífðarplasti af vélinni og takið annað plast eða umbúðir af sláttuvélinni.

Mikilvægt: Ekki stinga rafknúna gangsetningarhnappinum í rafknúna svissinn (ef til staðar) fyrr en allt er til reiðu til að gangsetja sláttuvélina til að hún sé ekki gangsett í ógáti.


1

Handfangið sett saman og felld í sundur

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

Ath.: Gangið úr skugga um að snúrurnar liggi eftir utanverðu handfanginu og séu ekki klemmdar saman (D af [Mynd 3](#)).



Mynd 3

g236451


2

Startarareipinu komið fyrir í brautinni

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

Mikilvægt: Komið startarareipinu fyrir í brautinni til að hægt sé að gangsetja sláttuvélina á öruggan og auðveldan hátt við hverja notkun.



Mynd 4

g230719


3

Olía sett á vélina

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

Mikilvægt: Hætta er á skemmdum á vélinni ef hún er gangsett þegar staða smurolíu í vélinni er of lág eða of há.



Mynd 5


g222533

4

Graspokinn settur saman

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag



Mynd 6

g230447

5

Hleðsla rafgeymis


Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

Aðeins gerðir búnað rafknúnum startara


Frekari upplýsingar eru í [Hleðsla rafgeymis \(síða 21\)](#).

Yfirlit yfir vöru



Mynd 7

- | | |
|--|---------------------------------------|
| 1. Handfang | 9. Loftsia |
| 2. Hnífstjórnstöng | 10. Kerti |
| 3. Akstursdrifið stillt | 11. Stöng til að stilla sláttuhæð (4) |
| 4. Rafknúinn gangsetningarhnappur (aðeins gerðir búnar rafknúnum startara) | 12. Hliðarlosunarhlíf |
| 5. Rafknúin gangsetning (aðeins gerðir búnar rafknúnum startara) | 13. Olíuáfylling/olíukvarði |
| 6. Hlíf að aftan (ekki sýnd) | 14. Losunarstöng |
| 7. Skoltengi (ekki sýnt) | 15. Handfangslás (2) |
| 8. Eldsneytislok | 16. Gangsetningarsnúra |



Mynd 8

- | | |
|------------------------------------|--|
| 1. Graspoki | 3. Hleðslutæki fyrir rafgeymi (aðeins gerðir búnar rafknúnum startara) |
| 2. Losunarrenna á hliðarlosunaropi | |

Tæknilýsing

Gerð	Þyngd	Lengd	Breidd	Hæð
21762	36 kg	151 cm	59 cm	109 cm
21763	40 kg	151 cm	59 cm	109 cm

Tengitæki/aukabúnaður

Úrval tengitækja og aukabúnaðar sem Toro samþykkir er í boði fyrir sláttuvélina til að auka við afkastagetu hennar. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða dreifingaraðila Toro eða farið á www.Toro.com þar sem finna má lista yfir öll samþykkt tengitæki og aukabúnað.

Notið eingöngu varahluti og aukabúnað frá Toro til að tryggja hámarksafköst og áframhaldandi öryggisvottun sláttuvélarinnar. Varahlutir og aukabúnaður frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

Notkun

Ath.: Miðað vinstri og hægri hlið sláttuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

Fyrir notkun

Öryggi fyrir notkun

Almennt öryggi

- Drepið alltaf á sláttuvélinni, fjarlægið rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar), bíðið eftir að allir hreyfanlegir hlutar hafi stöðvast og leyfið sláttuvélinni að kólna áður en hún er stillt, unnið er við hana, hún hreinsuð eða sett í geymslu.
- Lærið á örugga notkun búnaðarins, stjórntækin og öryggismerkingarnar.
- Gangið úr skugga um að allar hlífar og öryggisbúnaður, á borð við hlífar og/eða grassafnara, séu á sínum stað og virki rétt.
- Skoðið sláttuvélina reglulega til að kanna hvort hnifar og hnífaboltar séu slitnir eða skemmdir.
- Skoðið svæðið þar sem nota á sláttuvélina og fjarlægið hluti sem geta valdið truflunum á vinnslu hennar eða sem hún gæti skotið frá sér.
- Snerting við hníf á hreyfingu veldur alvarlegum meiðslum. Ekki setja finger undir húsið við stillingu sláttuhæðarinnar.

Öryggi í kringum eldsneyti

- Eldsneyti er mjög eldfimt og mjög sprengifimt. Eldur eða sprenging af völdum eldsneytis getur valdið brunasárum og eignatjóni.
 - Til að koma í veg fyrir að stöðurafragn valdi íkveikju í eldsneytinu skal setja ílátid og/eða sláttuvélina beint á jörðina áður en fyllt er á, ekki á ökutæki eða annan hlut.
 - Fyllið á eldsneytisgeyminn utandyra, á opnu svæði, með kalda vél. Þurrkið upp eldsneytisleka.
 - Ekki meðhöndla eldsneyti á meðan reykt er eða nálægt óvörðum loga eða neistaflugi.
 - Ekki fjarlægja eldsneytislokið eða fylla á geyminn með vélina í gangi eða á meðan hún er heit.
 - Ekki reyna að gangsetja vélina ef eldsneyti hefur hellst niður. Forðist að mynda aðstæður til íkveikju fyrr en eldsneytisgufur hafa gufað upp.

- Geymið eldsneyti í samþykktu ílát og geymið þar sem börn ná ekki til.
- Eldsneyti er skaðlegt eða lífshættulegt við inntöku. Langtímaváhrif frá gufum geta valdið alvarlegum meiðslum og veikindum.
 - Forðist innöndun gufa í langan tíma.
 - Haldið höndum og andliti í öruggri fjarlægð frá stútnum og opi eldsneytisgeymisins.
 - Haldið eldsneyti í öruggri fjarlægð frá augum og húð.


Fyllt á eldsneytisgeyminn

- Best er að nota eingöngu hreint, nýtt og blýlaust bensín með oktantölu upp á 87 eða hærri (flokunaradferð (R+M)/2).
- Ildað eldsneyti sem inniheldur allt að 10% etanól eða 15% MTBE miðað við rúmmál er ásættanlegt.
- **Notið ekki** etanólblöndur af bensíni eins og E15 eða E85 sem innihalda meira en 10% af etanóli miðað við rúmmál. Komið geta fram vandamál við afkastagetu og/eða vélarskemmdir sem hugsanlega falla ekki undir ábyrgðina.
- **Ekki** nota bensín sem inniheldur metanól.
- **Ekki** geyma bensín í eldsneytisgeyminum eða eldsneytisílátum yfir vetrartímann nema notað sé varðveisluefni fyrir eldsneyti.
- **Ekki** blanda olíu saman við bensín.

Fyllið á eldsneytisgeyminn með nýju, blýlausu bensíni af næstu bensínstöð ([Mynd 9](#)).

Mikilvægt: Bætið stöðgara/bætiefni fyrir eldsneyti saman við nýtt eldsneyti í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda stöðgara/bætiefnis. Slíkt er gert til að koma í veg fyrir vandamál við gangsetningu.

Frekari upplýsingar eru í notendahandbók vélarinnar.




Mynd 9

g230458

Smurolíuhæð könnuð

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Mikilvægt: Hætta er á skemmdum á vélinni ef hún er gangsett þegar olíuhæð í sveifarhúsinu er of lág eða of há.




Mynd 10

g231765

Hæð handfangs stillt

Tvær hæðarstillingar eru í boði fyrir handfangið, allt eftir þörfum stjórnanda ([Mynd 11](#)).



Mynd 11

g269686

1. Fjarlægið báða hnúðana af handfanginu.
2. Færið handfangið í æskilega hæð.
3. Festið hnúðana sem voru fjarlægðir í fyrra skrefi aftur við handfangið.


Sláttuhæð stillt

⚠ VARÚÐ

Hljóðkúturinn kann að vera heitur ef vélin var í gangi og getur valdið brunasárum.

Haldið öruggri fjarlægð frá heitum hljóðkútnum.

Stillið sláttuhæðina eins og hentar hverju sinni. Stillið öll dekkini á sömu sláttuhæð ([Mynd 12](#)).



Mynd 12

g254131

Meðan á notkun stendur

Öryggi við notkun

Almennt öryggi

- Klæðist viðeigandi klæðnaði, þar á meðal hlífðargleraugum, síðbuxum, sterkum skófatnaði með skrikvörn og heyrnarhlífum. Takið sitt hár í tagl og ekki klæðast víðum fatnaði eða hangandi skartgripum.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á sláttuvélinni. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða til meiðsla eða eignatjóns.
- Notið ekki sláttuvélina veik, þreytt eða undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
- Hnífurinn er beittur; snerting við hnífinn getur leitt til alvarlegra meiðsla á fólki. Drepið á vélinni, fjarlægjið rafstýrða gangsetningarhnappinn (ef til staðar) og bíðið eftir að allir hlutir hafi stöðvast áður en vinnustaðan er yfirgefin.
- Þegar losað er um stjórnstöng blaðsins ætti vélin að drepa á sér og blaðið ætti að stöðvast innan 3 sekúndna. Ef slíkt gerist ekki, skal umsvifalaust hætta notkun sláttuvélarinnar og hafa samband við viðurkenndan þjónustuaðila.
- Haldið óviðkomandi utan vinnusvæðis. Haldið smábörnum utan vinnusvæðis og í umsjá fullorðins einstaklings sem ekki er að vinna á sláttuvélinni. Stöðvið sláttuvélina ef einhver kemur inn á svæðið.
- Lítið alltaf niður og aftur fyrir ykkur áður en sláttuvélinni er bakkað.
- Vinnið eingöngu á sláttuvélinni með góða yfirsýn og við viðeigandi veðurskilyrði. Ekki nota sláttuvélina þegar hætta er á eldingum.
- Blautt gras eða lauf geta leitt til alvarlegra meiðsla þegar einstaklingur rennur og kemst í snertingu við hnífinn. Forðist að slá í bleytu.

- Sýnið sérstaka aðgát þegar komið er að blindhornum, runnum, trjám eða öðrum hlutum sem kunna að takmarka útsýnið.
- Ekki beina efni sem er losað að öðru fólki. Forðist að losa efni við vegg eða aðra hindrun þar sem efnið getur endurkastast á stjórnandann. Stöðvið hnífinn þegar farið er yfir mól.
- Verið vakandi fyrir holum, skorningum, ójöfnum, grjóti eða öðrum huldum hlutum. Ójafnt undirlag getur leitt til þess að stjórnandi missi jafnvægið eða fótfestu.
- Ef sláttuvélin rekst í hlut eða byrjar að titra skal tafarlaust drepa á vélinni, fjarlægja rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar), bíða þar til allir hlutar á hreyfingu hafa stöðvast og aftengja vírin frá kertinu áður en leitað er eftir skemmdum á sláttuvélinni. Sinnið öllum nauðsynlegum viðgerðum áður en vinnu er haldið áfram.
- Drepið á vélinni, fjarlægjið rafstýrða ræsihnappinn (ef til staðar) og bíðið eftir að allir hlutar hafi stöðvast áður en vinnustaðan er yfirgefin.
- Ef vélin var í gangi er hún heit og getur valdið alvarlegum brunasárum. Haldið öruggri fjarlægð frá heitri vél.
- Látið vélina aðeins ganga á vel loftræstum svæðum. Útblástursgas inniheldur kolsýring sem er banvænn við innöndun.
- Leitið reglulega eftir sliti á íhlutum grassafnarans og losunarrennunnar og skiptið þeim út með varahlutum frá Toro þegar þess gerist þörf.

Öryggi í halla

- Sláið þvert á halla; aldrei upp og niður. Gætið fyllstu varúðar við stefnubreytingar í halla.
- Ekki slá í mjög miklum halla. Léleg fótfasta getur valdið slysi vegna falls.
- Sýnið aðgát þegar slegið er nálægt háum bökkum, skurðum eða vegköntum.

Vélin gangsett


Hægt er að gangsetja vélina annað hvort með rafknúna gangsetningarhnappinum (ef til staðar) eða snúningsveifinni.

Vélin gangsett með rafknúna gangsetningarhnappinum

Fyrir gerðir búnar rafknúnum startara

1. Látið stjórnstöng hnífsins liggja að handfanginu (A af [Mynd 13](#)).
2. Stingið rafknúna gangsetningarhnappinum í rafknúna startarinn ef hann var fjarlægður (B af [Mynd 13](#)).
3. Haldið gangsetningarhnappinum inni þar til vélin fer í gang (C af [Mynd 13](#)).

Ath.: Hafið samband við viðurkenndan þjónustuaðila ef sláttuvélin fer ekki í gang eftir nokkrar tilraunir.



Mynd 13


g239637

Vélin gangsett með snúningssveifinni

1. Látið stjórnstöng hnífsins liggja að handfanginu (A af Mynd 14).
2. Togið í snúningssveifina (B af Mynd 14).

Ath.: Þegar togað er í snúningssveifina, skal toga varlega þar til fundið er fyrir viðnámi og síðan kippa snarpt í. Látið reipið renna rólega til baka á handfangið.

Ath.: Hafið samband við viðurkenndan þjónustuaðila ef sláttuvélin fer ekki í gang eftir nokkrar tilraunir.




Mynd 14

g233422

Notkun akstursdrifsins

Þegar akstursdrifið er notað skuluð þið hafa hendur á handfanginu með olnbogana upp að líkamanum, ganga áfram og sláttuvélin mun sjálfkrafa fylgja hraða ykkar (Mynd 15).



Mynd 15

g233423

Ath.: Ef ekki er hægt að draga sláttuvélina auðveldlega aftur á bak þegar akstursdrifinu er sleppt skal stöðva, halda höndunum á handfanginu og leyfa sláttuvélinni að fara nokkra sentímetra áfram til að taka hjóladrifið af. Einnig má reyna að teygja sig undir efra handfangið að málmhandfanginu og ýta sláttuvélinni áfram um nokkra sentímetra. Ef enn er erfitt að draga sláttuvélina aftur á bak skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila.

Drepið á vélinni

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega—Gangið úr skugga um að vélin drepi á sér innan 3 sekúndna frá því að stjórnstöng hnífsins er sleppt.

Sleppið stjórnstöng hnífsins til að drepa á vélinni.

Ath.: Fjarlægjið rafknúna gangsetningarnappinn (ef til staðar) í hvert sinn sem farið er frá sláttuvélinni.

Mikilvægt: Þegar losað er um stjórnstöng blaðsins ætti vélin að drepa á sér og blaðið ætti að stöðvast innan 3 sekúndna. Ef búnaðurinn stöðvast ekki skal umsvifalaust hætta notkun sláttuvélarinnar og hafa samband við viðurkenndan þjónustuaðila.

Ef graspokinn er á sláttuvélinni og losunarstöngin er í safnarastöðu skal færa handfangið í losunarstöðu. Nánar í [Notkun losunarstangar \(síða 14\)](#). Ef hliðarlosunarrennan er á sláttuvélinni skal taka hana af. Nánar í [Losunarrenna á hliðarlosunarropi fjarlægð \(síða 15\)](#).

Afskurði ekki safnað

Þessi sláttuvél er afhent með búnaði sem býður upp á að gras og lauf séu losuð aftur í grassvörðinn.


Afskurður settur í poka

Notið graspokann til að safna grasi og laufi við slátt.

Ef hliðarlosunarrennan er á sláttuvélinni skal taka hana af. Nánar í: [Losunarrenna á hliðarlosunarropi fjarlægð \(síða 15\)](#). Ef losunarstöngin er í losunarstöðu skal færa handfangið í safnarastöðu. Nánar í: [Notkun losunarstangar \(síða 14\)](#).

Graspokinn settur á

1. Lyftið og haldið hlífinni að aftan uppi (A á [Mynd 16](#)).
2. Festið graspokann og gangið úr skugga um að pinnarnir á pokanum hvíli í skorunum á handfanginu (B á [Mynd 16](#)).
3. Látið afturhlífina niður.



Mynd 16

g233434


Graspokinn tekinn af

Pokinn er fjarlægður með því að fylgja skrefunum í [Graspokinn settur á \(síða 14\)](#) í öfugri röð.

Notkun losunarstangar

Eiginleikinn til að stjórna losun býður upp á að safna afskurði í pokann eða losa hann aftur niður í grassvörðinn með pokann á sláttuvélinni.

- Til að safna afskurði í pokann skal ýta á hnappinn á losunarstönginni og færa stöngina áfram þar til hnappurinn á henni smellur upp ([Mynd 17](#)).




Mynd 17

1. Losunarstöng (í safnarastöðu)

- Til að losa eða láta afskurð fara út á hliðinni skal ýta á hnappinn á stönginni og færa stöngina aftur á bak þar til hnappurinn á henni smellur upp.

Mikilvægt: Rétt verklag er að að drepa á vélinni, bíða þar til allir hlutar á hreyfingu hafa staðnæmst og síðan fjarlægja grasafskurð og óhreinindi af pokahlífinni og svæðinu í kring (Mynd 18) áður en pokahandfangið er hreyft úr 1 stöðu í aðrar stöður.



Mynd 18

1. Hreinsið þetta svæði


Afskurður losaður út frá hlið

Notið hliðarfærslubúnaðinn við slátt á mjög háu grasi.

Ef graspokinn er á sláttuvélinni og losunarstöngin er í safnarastöðu skal færa handfangið í losunarstöðu. Nánnar í [Notkun losunarstangar \(síða 14\)](#).

Losunarrenna sett á hliðarlosunarop

Losið og lyftið hliðarhlífinni upp og festið losunarrennu á hliðarlosunaropið (Mynd 19).



Mynd 19

Losunarrenna á hliðarlosunaropi fjarlægð

Til að fjarlægja losunarrennu á hliðarlosunaropi skal lyfta hliðarhlífinni upp, fjarlægja losunarrennuna og loka hliðarlosunarhlífinni tryggilega.

Ábendingar um notkun

Almennar ráðleggingar varðandi slátt

- Skoðið svæðið þar sem nota á vinnuvélina og fjarlægjið hluti sem hún getur skotið frá sér.
- Forðist að slá í harða hluti. Aldrei ýta/aka sláttuvélinni viljandi yfir hluti.
- Ef sláttuvélina rekst í hlut eða byrjar að titra skal tafarlaust drepa á vélinni, aftengja kertavírin, fjarlægja rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar) og leita eftir skemmdum á sláttuvélinni.
- Virknin verður best ef skipt er um hnífa fyrir hvert sláttutímabil.
- Skiptið hnífum út fyrir nýja hnífa frá Toro þegar með þarf.

Grassláttur

- Sláið eingöngu einn þriðja af hæð grass í hvert skipti. Ekki slá gras niður fyrir 51 mm nema það

sé gisið eða komið sé fram á haust og grasvöxtur orðinn hægur.

- Þegar gras yfir 15 cm hæð er slegið skal byrja á að slá í efstu sláttuhæðarstillingu og fara hægt yfir og slá því næst í lægri stillingu til að tryggja að grasflöturinn líti vel út. Ef grasið er of hátt gæti sláttuvélin stíflast og vélin stöðvast.
- Blautt gras eða lauf eiga það til að klessast saman og valda stíflum í sláttuvélinni eða stöðva vélina. Forðist að slá í bleytu.
- Varist mögulega eldhættu í miklu þurrviðri. Fylgið öllum staðbundnum viðvörðunum um eldhættu og losið allt þurrt gras og lauf úr sláttuvélinni.
- Breytið um sláttustefnu. Þetta dreifir afskurðinum betur yfir grassvörðinn.
- Ef útlit grassvarðarins er óviðunandi skal reyna eitt eða fleira af eftirfarandi:
 - Skiptið um hnífa eða látið brýna þá.
 - Farið hægar yfir við slátt.
 - Hækkið sláttuhæðina.
 - Sláið grasið oftar.
 - Tryggið að yfirferðir skarist við slátt.

Lauf slegin

- Að slætti loknum skal ganga úr skugga um að um helmingur grassvarðarins sjáist í gegnum slegið lauffykknið. Hugsanlega þarf að fara oftar en einu sinni yfir lauf.
- Ef laufin ná meira en 13 cm hæð á flötinni skal slá í hærri sláttuhæð og slá svo aftur yfir svæðið í lægri stillingu.
- Farið hægar yfir ef sláttuvélin nær ekki að tæta laufin nógu fínt.

Eftir notkun

Öryggi eftir notkun

Almennt öryggi

- Drepið alltaf á sláttuvélinni, fjarlægið rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar), bíðið eftir að allir hreyfanlegir hlutar hafi stöðvast og leyfið sláttuvélinni að kólna áður en hún er stillt, unnið er við hana, hún hreinsuð eða sett í geymslu.
- Hreinsið gras og óhreinindi af sláttuvélinni til að koma í veg fyrir eldhættu. Hreinsið upp olíu- eða eldsneytisleka.
- Aldrei geyma vinnuvélina eða eldsneytislát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða öðrum heimilistækjum.

Öryggi við flutning

- Fjarlægið rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar) áður en sláttuvélin er flutt.
- Sýnið aðgát þegar sláttuvélin er fermd eða affermd.
- Festið sláttuvélina til að hún renni ekki til.

Hreinsað undan sláttuvélinni


Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Best er að þrifa sláttuvélina stuttu eftir slátt.

1. Færið sláttuvélina yfir á slétt, steypit undirlag.
2. Drepið á vélinni og bíðið eftir að allir hlutar hafi stöðvast áður en vinnustaðan er yfirgefin.
3. Stillið sláttuvélina á lægstu sláttuhæð. Frekari upplýsingar eru í [Sláttuhæð stillt \(síða 11\)](#).
4. Skolið svæðið undir afturhlífinni þar sem afskurðurinn fer undan sláttuvélinni í graspokann.

Ath.: Skolið svæðið þar sem hægt er að velja um losun (ef það er til staðar) með losunarstöngina bæði í fremstu og öftustu stillingu.


5. Festið garðslöngu sem tengd er við krana við skoltengið ([Mynd 20](#)).



Mynd 20

g009501

1. Skoltengi



g035929

g035929

Mynd 21

1. Rafknúinn startari

2. Ræsihnappur

6. Skrúfið frá vatninu.
7. Gangsetjið vélina og látið hana ganga þar til grasafskurður hættir að koma undan sláttuvélinni.
8. Drepið á vélinni.
9. Skrúfið fyrir vatnið og aftengið garðslönguna frá sláttuvélinni.
10. Gangsetjið vélina og látið hana ganga í nokkrar mínútur til að þurrka undir sláttuvélinni og koma í veg fyrir tæringu.
11. Drepið á vélinni, fjarlægið rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar) og látið sláttuvélina kólna áður en hún er sett í lokaða geymslu.

2. Fjarlægið og geymið báða hnúða handfangsins og burðarboltana tvo af festingum handfangsins ([Mynd 22](#)).


Mikilvægt: Látið snúrurnar liggja utan við handfangshnúðana þegar handfangið er lagt niður.

Handfangið lagt niður

▲ VIÐVÖRUN

Ef handfangið er lagt niður eða reist upp á rangan máta er hætt á að snúrurnar skemmist, sem aftur leiðir til óöruggra notkunarskilyrða.

- Varist að skemma snúrur þegar handfangið er lagt niður eða reist upp.
- Ef snúra skemmist skal hafa samband við viðurkenndan sölu- og þjónustuaðila Toro.



g032869

g032869


Mynd 22

1. Hnúður á handfangi

2. Burðarbolti

1. Fjarlægið rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar), sjá nánar [Mynd 21](#).


3. Fellið handfangið saman með því að snúa því fram á við ([Mynd 23](#)).



Mynd 23

1. Vinnslustaða
2. Lagt saman

4. Stingið grindarboltanum í gegnum festingu handfangsins (látið boltahausinn snúa inn á við) og efra opið á enda handfangsins. Gangið úr skugga um að ferhyrndar brúnir grindarboltana passi við efri eða neðri opin á viðeigandi festingum handfangsins. (Mynd 24).



Mynd 24

1. Hnúður á handfangi
2. Burðarbolti

5. Komið hnúðum handfangsins og grindarboltum lauslega fyrir á festingum handfangsins.
6. Skoðið [1 Handfangið sett saman og fellt í sundur \(síða 5\)](#) til að fá upplýsingar um hvernig handfangið er reist upp.

Viðhald

Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir


Tíðni viðhaldsþjónustu	Viðhaldsferli
Fyrir hverja notkun eða daglega	- Kannið smurolúhæð og fyllið á eftir þörfum. - Gangið úr skugga um að vélin drepi á sér innan 3 sekúndna frá því að stjórnstöng hnífsins er sleppt. - Hreinsið gras og óhreinindi undan sláttuvélinni.
Á 25 klukkustunda fresti	- Hugið að loftsiunni. Skipta verður oft um loftiuna þegar unnið er við mjög rykugar aðstæður. - Hlaðið rafgeyminn (ef til staðar) í 24 klukkustundir.
Árlega	- Skiptið um loftsiuna. Skipta verður oft um loftiuna þegar unnið er við mjög rykugar aðstæður. - Skiptið um smurolúu (ef þess er óskað). - Árlega skal skipta um hníf eða láta brýna hann (oftar ef bitið tapast hratt). - Þrífið vélina með því að fjarlægja óhreinindi ofan af og af hliðum hennar, þrífið vélina oftast þegar unnið er við mjög rykugar aðstæður.
Árlega eða fyrir geymslu	Fylgið leiðbeiningunum og tæmið eldsneytisgeyminn fyrir viðgerðir eða árlega geymslu.

Mikilvægt: Frekari upplýsingar um viðhaldsferli eru í notendahandbók vélarinnar.

Öryggi við viðhaldsvinnu

- Aftengið kertavírinn frá kertinu og fjarlægjið rafknúna gangsetningarhnappinn áður en viðhaldsvinnu er sinnt.
- Klæðist hönskum og hlífðargleraugum þegar unnið er við sláttuvélina.
- Hnífurinn er beittur; snerting við hnífinn getur leitt til alvarlegra meiðsla á fólki. Klæðist hönskum þegar unnið er við hnífinn. Ekki gera við eða breyta hnífnum/hnífunum.
- Aldrei eiga við öryggisbúnað. Kannið hvort hann virki rétt með reglulegu millibili.
- Eldsneytisleki getur átt sér stað þegar sláttuvélinni er hallað. Eldsneyti er eldfimt og sprengifimt og getur valdið meiðslum á fólki. Látið vélina ganga þar eldsneyti klárast eða tappið eldsneyti af með handdælu; aldrei sjúga eldsneytið úr geyminum.
- Notið eingöngu varahluti og aukabúnað frá Toro til að tryggja hámarksafköst sláttuvélarinnar. Varahlutir og aukabúnaður frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

- Takið kertavírinn úr kertinu (Mynd 25).



Mynd 25

g033513

- Kertavír

Undirbúningur fyrir viðhaldsvinnu

- Drepið á vélinni, fjarlægjið rafstýrða gangsetningarhnappinn (ef til staðar) og bíðið eftir að allir hreyfanlegir hlutar hafi stöðvast.

- Tengið kertavírinn við kertið þegar viðhaldsvinnu er lokið.

Mikilvægt: Tæmið eldsneytisgeyminn með því að nota sláttuvélina á hefðbundinn hátt áður en hún er sett á hliðina til að skipta um olíu eða hnífinn. Notið handknúna eldsneytisdeilu til að fjarlægja eldsneytið


ef þörf er á að setja sláttuvélina á hliðina áður en hún verður eldsneytislaus. Ávallt skal leggja sláttuvélina á hliðina og láta olíukvarðann snúa niður.

Unnið við loftsíuna

Viðhaldstími: Á 25 klukkustunda fresti

Árlega

1. Smellið af efsta hluta loftsíuhlífarinnar (Mynd 26).



Mynd 26

g033493

1. Klemma
2. Hlíf loftsíu
3. Loftsía

2. Fjarlægjið loftsíuna (Mynd 26).
3. Skoðið loftsíuna.

Ath.: Skipta skal um loftsíuna ef hún er mjög óhrein og koma nýrri síu fyrir. Að öðrum kosti skal slá loftsíunni varlega á hart yfirborð til að losa um óhreinindi.

4. Komið loftsíunni aftur fyrir á sínum stað.
5. Notið klemmuna til að koma loftsíuhlífinni fyrir á sínum stað.

Skipt um smurolíu

Viðhaldstími: Árlega

Ekki er þörf á því að skipta um smurolíu, en ef óskað er eftir olíuskiptum skal nota eftirfarandi aðferð.


Ath.: Látið vélina ganga í nokkrar mínútur til að hita olíuna upp áður en skipt er um hana. Heit olía rennur betur og ber meiri óhreinindi með sér.

Forskriftir smurolíu

Rúmtak fyrir smurolíu	0,44 l*
Seigjustig olíu	SAE 30 eða SAE 10W-30 hreinsiolía
API-þjónustuflokkun	SJ eða hærri

*Afgangsolía situr eftir í sveifarhúsinu eftir að olíu er tappað af. Ekki hella olíu á sveifarhúsið þannig að rúmtakið fyllist. Fyllið olíu á sveifarhúsið í samræmi við eftirfarandi skref.

1. Færið sláttuvélina á jafnsléttu.
2. Frekari upplýsingar eru í Undirbúningur fyrir viðhaldsvinnu (síða 19).
3. Takið olíukvarðann úr með því að snúa lokinu rangsælis og toga það út (Mynd 27).




Mynd 27

g033377

1. Olíukvarði
2. Bæta við
3. Fullt

4. Hallið sláttuvélinni á hliðina (þannig að loftsían vísi upp) til að tappa notaðri olíu af í gegnum áfyllingarleiðslu fyrir olíu (Mynd 28).



Mynd 28

5. Þegar búið er að tappa notuðu olíunni af er sláttuvélin reist við.
6. Hellið um 3/4 af olíurúmtaki vélarinnar í áfyllingarleiðslu fyrir olíu.
7. Bíðið í þrjár mínútur á meðan olían lekur niður í vélina.
8. Þurrkið olíukvarðann með hreinum klút.
9. Setjið olíukvarðann í áfyllingarleiðsluna og takið hann aftur úr.
10. Lesið olíuhæðina af olíukvarðanum (Mynd 27).
 - Ef olíukvarðinn sýnir of lága olíuhæð skal hella litlu magni af olíu í áfyllingarleiðsluna, bíða í þrjár mínútur og endurtaka skref 8 til 10 þar til olíukvarðinn sýnir rétta olíuhæð.
 - Of olíukvarðinn sýnir of háa olíuhæð skal tappa umframolíu af þar til olíukvarðinn sýnir rétta olíuhæð.

Mikilvægt: Hætta er á skemmdum á vélinni ef hún er gangsett þegar staða smurolíu í vélinni er of lág eða of há.

11. Stingið olíukvarðanum þéttingsfast inn í olíuáfyllingarönguna.
12. Endurvinnið notaða olíu á viðeigandi máta.


Hleðsla rafgeymis Fyrir gerðir búnar rafknúnum startara

Viðhaldstími: Á 25 klukkustunda fresti

Hlaðið rafgeyminn í 24 klukkustundir í upphafi og síðan mánaðarlega þar á eftir (á 25 gangsetninga

fresti) eða eftir því sem þörf krefur. Notið hleðslutækið ávallt á yfirbyggðu svæði og hlaðið rafgeyminn við stofuhita (22°C) þegar slíku er við komið.

1. Tengjið hleðslutækið við rafleiðsluknippið fyrir neðan rafknúna gangsetningarhnappinn (Mynd 29).



Mynd 29

2. Stingið hleðslutækinu í samband við innstungu.

Ath.: Þegar rafgeymirinn hleður ekki lengur, skal endurvinna eða farga blýsýrurafgeymi samkvæmt gildandi reglum.


Ath.: Hleðslutæki fyrir rafgeymi er hugsanlega með tvílitan LED-skjá sem gefur til kynna eftirfarandi hleðslustöðu:

- Rautt ljós gefur til kynna að hleðslutækið er að hlaða rafgeyminn.
- Grænt ljós gefur til kynna að hleðslutækið er fullhlaðið eða hleðslutækið er úr sambandi við rafgeyminn.
- Ljós sem blikkar grænt og rautt til skiptis gefur til kynna að rafgeymirinn sé næstum því fullhlaðinn. Þetta ástand varir einungis í nokkrar mínútur þar til rafhlaðan er fullhlaðin.

Skipt um öryggi Fyrir gerðir búnar rafknúnum startara

Öryggið kann að vera sprungið ef rafhlaðan hleður ekki eða vélin gengur ekki þegar rafknúni startarinn er notaður. Skiptið um með 40 A kerti með skrúfgangi.

1. Togið upp hlífina að aftan og finnið rafhlöðuhólfíð (Mynd 30).




G009506

g009506

Mynd 30

1. Hlíf að aftan
2. Skrúfa
3. Rafhlaða
4. Rafhlöðuhólf

2. Þrífið óhreinindi úr rafhlöðuhólfinu.
3. Fjarlægið skrufuna sem heldur hólfinu föstu, togið rafhlöðuna út og leitið að kertinu (Mynd 31).



G017398

g017398

Mynd 31

1. Lok
2. Öryggjafesting
3. Öryggi

4. Skiptið um öryggið í öryggjahólfinu (Mynd 31).

Ath.: Sláttuvélinni fylgir aukaöryggi sem er í rafhlöðuhólfinu.

5. Festið rafhlöðuhólfið með skrufunni sem var fjarlægð í skrefi 3.
6. Setjið hlífina á rafhlöðuhólfið.
7. Látið afturhlífina niður.

Skipt um hníf

Viðhaldstími: Árlega

Mikilvægt: Notaðu þarf herslulykil til að festa hnífinn rétt. Ef herslulykill er ekki til staðar eða stjórnandi treystir sér ekki til að sinna þessari vinnu skal hafa samband við viðurkenndan sölu- og þjónustuaðila.


Skoðið hnífinn í hvert sinn sem sláttuvélin verður eldsneytisláus. Skiptið tafarlaust um hnífinn ef hann skemmist eða brotnar. Ef hnífsegginn verður bitlaus eða skörðótt skal láta brýna hnífinn eða skipta honum út.

⚠ VIÐVÖRUN

Hnífurinn er beittur. Snerting við hnífinn getur leitt til alvarlegra meiðsla á fólki.

Klæðist hönskum þegar unnið er við hnífinn.


1. Frekari upplýsingar eru í [Undirbúningur fyrir viðhaldsvinnu \(síða 19\)](#).
2. Leggið sláttuvélina á hliðina og látið loftsiúna snúa upp.
3. Notið spýtu til að halda hnífnum stöðugum (Mynd 32).



g231389

Mynd 32

4. Fjarlægið hnífinn og haldið öllum festingum til haga (Mynd 32).
5. Setjið nýja hnífinn og allar festingar á sláttuvélina (Mynd 33).



Mynd 33

g231390

Mikilvægt: Látið sveigða enda hnífsins snúa að vélarhúsinu.


6. Notið átaksmæli til að herða bolta hnífsins með 82 N-m hersluátaki.

Akstursdrifið stillt

Aðeins fyrir gerðir með akstursdrif

Stillið akstursdrifið þegar nýr akstursvír er settur á eða akstursdrifið er vanstillt.

1. Snúið stillirónni rangsælis til að losa vírinn (Mynd 34).



g269307

Mynd 34

1. Handfang (vinstra megin)
2. Stilliró
3. Akstursdrifsvír
4. Snúið rónni réttsælis til að herða.
5. Snúið rónni rangsælis til að losa.

2. Stillið strekkingu vírsins (Mynd 34) með því að toga hann aftur eða ýta honum fram og halda honum þar.

Ath.: Ýtið vírnum í átt að vélinni til að auka strekkinguna. Togið vírinn frá vélinni til að draga úr strekkingunni.

3. Snúið stillirónni réttsælis til að festa vírinn.

Ath.: Herðið róna tryggilega með toppplykli eða lykli.

Geymsla

Geymið sláttuvélina á svölum, hreinum og þurrum stað.

Öryggi við geymslu

Drepið alltaf á sláttuvélinni, fjarlægið rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar), bíðið eftir að allir hreyfanlegir hlutar hafi stöðvast og leyfið sláttuvélinni að kólna áður en hún er stillt, unnið er við hana, hún hreinsuð eða sett í geymslu.

Undirbúningur sláttuvélar fyrir geymslu

1. Við síðustu áfyllingu eldsneytis á árinu skal bæta við varðveisluefni fyrir eldsneyti (eins og Toro Premium eldsneytismeðferðarefni) samkvæmt leiðbeiningum sem koma fram á merkingunni.
2. Farga skal öllu ónotuðu eldsneyti á viðeigandi hátt. Endurvinnið slíkt samkvæmt gildandi reglum eða notið í bifreiðum.

Mikilvægt: Gamalt eldsneyti í eldsneytisgeymum er helsta ástæðan fyrir erfiðleikum við gangsetningu. Geymið ekki eldsneyti án varðveisluefnis lengur en í 30 daga og geymið ekki eldsneyti sem inniheldur varðveisluefni lengur en framleiðandi varðveisluefnisins mælir með.

3. Látið sláttuvélina ganga þar til eldsneytið klárast og vélin drepur á sér.
4. Gangsetjið vélina aftur og látið hana ganga þar til hún drepur á sér. Þegar ekki er lengur hægt að gangsetja vélina er eldsneytið alveg búið.
5. Aftengið kertavírin og tengið vírin við festinguna (ef til staðar) og fjarlægið rafknúna gangsetningarhnappinn (ef til staðar).
6. Fjarlægið kertið, fyllið 30 ml af smurolíu á kertaopið og togið varlega í startarareipið nokkrum sinnum til að dreifa olfunni um strokkinn og koma í veg fyrir að strokkurinn tærist á árstíðum þegar sláttuvélina er ekki í notkun.
7. Komið kertinu lauslega fyrir.
8. Herðið allar rær, bolta og skrúfur.
9. **Aðeins fyrir gerðir með rafknúnni gangsetningu:** Hlaðið rafhlöðuna í 24 klukkustundir og takið síðan hleðslutæki hennar úr sambandi og geymið sláttuvélina á svæði sem er ekki upphitað. Hlaða verður rafhlöðuna á 90 daga fresti ef ekki er komist hjá

því að geyma sláttuvélina á upphituðu svæði. Frekari upplýsingar eru í [Hleðsla rafgeymis \(síða 21\)](#).

Sláttuvélin tekin úr geymslu

1. **Aðeins fyrir gerðir með rafknúnni gangsetningu:** Hlaðið rafhlöðuna í 24 klukkustundir, sjá nánar í [Hleðsla rafgeymis \(síða 21\)](#).
2. Skoðið og herðið allar festingar.
3. Takið kertið úr og togið í snúningssveifina til að snúa vélinni hratt og fjarlægja umframolíu úr strokknum.
4. Setjið kertið í og herðið með ráðlögðu hersluátaki, 20 N·m.
5. Sinnið nauðsynlegri viðhaldsvinnu, sjá nánar í [Viðhald \(síða 19\)](#).
6. Kannið stöðu smurolíu; sjá [Smurolíuhæð könnuð \(síða 10\)](#).
7. Fyllið á eldsneytisgeyminn með nýju eldsneyti; sjá [Fyllt á eldsneytisgeyminn \(síða 9\)](#).
8. Tengid vírin við kertið.

Athugasemdir:

Athugasemdir:

Persónuverndaryfirlýsing fyrir EES/Bretland

Notkun Toro á persónuupplýsingum

Toro Company („Toro“) virðir rétt þinn til persónuverndar. Þegar þú kaupir vörur okkar kunnum við að safna vissum upplýsingum um þig, annaðhvort beint frá þér eða í gegnum fyrirtæki eða söluaðila Toro á þínu svæði. Toro notar þessar upplýsingar til að uppfylla samningsbundnar skyldur sínar – svo sem að skrá ábyrgðina þína, vinna ábyrgðarkröfur eða hafa samband við þig vegna innköllunar vöru – og í löglegum viðskiptatilgangi – svo sem til að mæla ánægju viðskiptavina, bæta vörur okkar og bjóða upp á vöruupplýsingar sem þú kannt að hafa áhuga á. Toro kann að deila upplýsingunum þínum með dótturfyrirtækjum sínum, hlutdeildarfélögum sínum, söluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum í tengslum við þetta. Við kunnum einnig að birta persónuupplýsingar þegar þess er krafist samkvæmt lögum eða í tengslum við sölu, kaup eða sameiningu fyrirtækisins. Við munum aldrei selja persónuupplýsingarnar þínar öðru fyrirtæki í markaðslegum tilgangi.

Geymsla persónuupplýsinga

Toro geymir persónuupplýsingarnar þínar eins lengi og við á samkvæmt tilganginum hér á undan og eins og krafist er samkvæmt lögum. Frekari upplýsingar um viðeigandi geymslutímabil er hægt að nálgast í gegnum netfangið legal@toro.com.

Áhersla Toro á öryggi

Persónuupplýsingar þínar kunna að vera unnar í Bandaríkjunum eða öðru landi þar sem gagnaverndarlög kunna að vera rýmri en í þínu heimalandi. Þegar við flytjum upplýsingarnar þínar út fyrir heimaland þitt munum við grípa til aðgerða, sem krafist er samkvæmt lögum, til að tryggja að gripið sé til viðeigandi öryggisráðstafana til að verja upplýsingarnar þínar og tryggja að þær séu meðhöndlaðar á öruggan máta.

Aðgangur og leiðrétting

Þú kannt að hafa rétt til að leiðrétta eða fara yfir persónuupplýsingarnar þínar eða hafna eða takmarka vinnslu þeirra. Hafðu samband við okkur í gegnum netfangið legal@toro.com til að gera það. Ef þú hefur áhyggjur af því hvernig Toro fer með upplýsingarnar þínar hvetjum við þig til að hafa beint samband við okkur. Hafðu í huga að Evrópubúar geta sent kvörtun til gagnaverndaryfirvalda.



Count on it.